

Fornleifaskráning vegna deiliskipulagsgerðar
á Steinaborg, Berufjarðarströnd, Suður-Múlasýslu



Margrét Gilvadottir Lundgren
2018-2020

Forsíðumyndin, mynd 1, er af bæjarstæði Steinaborgar eftir bruna í janúar 2015, horft til N. (Ljósm. Andrés Skúlason febrúar 2015).

Margrét Gilvadottir Lundgren, maí 2020

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Steinaborg .á Berufjarðarströnd

Djúpavogshreppur, Suður-Múlasýsla

Landnúmer: 159123

Fasteignanúmer: F2179222

Staðgreinir: 7617-1-000 48 000

Unnið fyrir landeigendur.

Minjastofnun Íslands - auðkennisnúmer verkefnis: 1982

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Tilgangur, markmið og aðferðir fornleifaskráningar	5
Tilgangur	5
Markmið	7
Aðferðir	7
Söguágrip Steinaborgar	8
Búseta og bæjarheiti	8
Ályktanir	9
Jörðin og húsin	10
Síðustu ábúendur	11
Íbúðarhús	12
Útihús	13
Annað skráð á svæðinu	15
Fornleifaskrá	16
Samantekt	33
Heimildaskrá	36
Fylgiskjöl:	
Deiliskipulagsuppdráttur 13.10.2018	
Hnitaskrá	
Fjarlægðir í m milli minja	
Ljósmyndalisti	
Túnakort frá 1919	

Inngangur

Vegna deiliskipulagsgerðar fyrir landareignina Steinaborg á Berufjarðarströnd í Suður Múlasýslu barst beiðni frá Sigrúnu Hrönn Kristmannsdóttur Landvall, landeiganda, um að skrá fornleifar á þeim hluta eignarinnar sem fellur undir deiliskipulagið.

Vettvangsvinnan fór fram 5.-9. ágúst 2018 og var unnin af Margréti Gilvadottir Lundgren. Var landeigandi og sonur hennar, Bergur Hrannar Guðmundsson ábúandi á Steinaborg frá 2014, henni til aðstoðar.

Skipulagssvæðið er tæplega 6 ha að stærð. Að sunnan liggja skipulagsmörk að mörkum veghelgunarsvæðis hringveggar (1) eða 30 metra frá miðlínu vegarins. Að austan fylgja skipulagsmörk í aðalatriðum klettabrún sem nær upp undir fjall. Að norðan eru skipulagsmörk neðan við gamlan túngarð og eldri þjóðveg sem lá ofan bæjar á Steinaborg. Að vestan liggja skipulagsmörkin utan um stærstan hluta þess lands sem ræktað var áður en jörðin fór í eyði. Í skipulagslýsingu kemur fram að tilgangur deiliskipulagstillögunnar er að leggja grunn að enduruppbyggingu býlisins. Páll H. Zóphóníasson arkitekt sá um deiliskipulagsvinnuna. (Deiliskipulag frá 13.10.2018, sjá fskj 1).

Búskapur var lagður niður á Steinaborg árið 1969 er Bjartmar Jónsson brá búi og Kristmann Jónsson keypti býlið ásamt hluta hans í jörðinni. Var staðurinn síðan notaður til sumardvalar en eignin var aldrei afskráð úr þjóðskrá og er lögbýli. Dóttir Kristmanns, Sigrún, erfði jörðina 2015 eftir fráfall föður síns. Árið 2011 var ákveðið að ástand íbúðarhússins skyldi metið. Var Björn Björgvinsson húsasmíðameistari fenginn til verksins og við mælingar kom í ljós að undirstöður hússins höfðu sigið. Með aðstoð Minjastofnunar Íslands voru gerðar ráðstafanir til að rétta húsið af. Einnig var frekari endurnýjun hússins áætluð og voru þær framkvæmdir byrjaðar með það fyrir augum að varðveita húsið í upprunalegri mynd. (Munnleg heimild Stefán Kristmannsson).

Sá hörmulegi atburður gerðist í febrúar 2015 að húsið varð eldi að bráð. Markmið eiganda er að byggja nýtt hús í sem næst upprunalegri mynd á sama stað. Ætlunin er að koma upp þremur húsum til viðbótar sem íbúðarhúsum og fyrir gistiþjónustu, einnig er gert ráð fyrir útihúsum, þ.e. hlöðu og gripahúsum. Vissar framkvæmdir hafa verið gerðar síðan bruninn varð. Nýr vegur hefur verið lagður frá hringvegi og einn af þremur fyrirhuguðum bústöðum ásamt einu smáhýsi hafa verið reist. Byggt hefur verið yfir hluta hrunins fjárhúss og er það nú notað sem heyhlaða. Stefnt er að því að stunda vistvænan búskap á jörðinni í smáum stíl og selja afurðir beint frá býli. (Heimild Sigrún Kristmannsdóttir).

Aðilum sem veittu munnlegar heimildir eru færðar bestu þakkir fyrir. Er mælingar fóru fram var gróður með mesta móti og aðstæður til ljósmyndunar því ekki góðar. Veittu nokkrir aðilar góðfúslegt leyfi til að birta ljósmyndir af Steinaborg frá ýmsum tímum og eru þeim færðar kærar þakkir fyrir liðlegheitin.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 1982.

Tilgangur, markmið og aðferðir fornleifaskráninga

Tilgangur fornleifaskráninga

Lög um menningarminjar nr. 80/2012 eiga að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að og kynni af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum.

Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr., IV. kafla segir: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Í 2. gr., I. kafla laganna eru þjóðminjar skilgreindar sem: „Þjóðminjar teljast jarðfastar minjar eða lausir gripir eða hlutir sem eru einstakir og hafa sérstaka merkingu og mikilvægi fyrir menningarsögu Íslands.“ Í sömu grein eru þjóðarverðmæti skilgreind sem: „hvers konar munir, gripir, myndir, skjöl, handrit og bækur í eigu opinberra stofnana, fyrirtækja, félagasamtaka eða einstaklinga sem hafa sérstaka þýðingu fyrir íslenska þjóðmenningu.“

Í 3. gr., I. kafla laganna eru fornminjar skilgreindar sem: „annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.“

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.“

Um verndun fornleifa segir í 21. gr. VI. kafla: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.“

Í 22. grein VI. kafla segir: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.“

Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjastofnun Íslands viðvart með sannanlegum hætti og minnst fjöggra vikna fyrirvara ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar. Eins er hverjum þeim sem verður var við að fornleifar liggi undir skemmdum skylt að láta sömu stofnun vita án tafar (sjá 23. gr., VI. kafla).

Ef óþekktar fornminjar koma í ljós, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli skal Minjastofnun Íslands gert viðvart svo fljótt sem unnt er.

Þá skal sá sem fyrir framkvæmdum stendur stöðva þær án tafar og hafa samband við Minjastofnun Íslands ef óþekktar fornminjar finnast á framkvæmdasvæði. Skriflegt leyfi Minjastofnunar Íslands þarf til að hefja framkvæmdir að nýju á fundarstað fornminja (sjá 24. gr., VI. kafla).

Markmið fornleifaskráningar

Eitt af meginmarkmiðum fornleifaskráningar er að vera skipulagsyfirlöndum innan handar við að standa vörð um fornleifar og við að marka stefnu í minjavernd og skipulagsmálum. Fornleifaskráning er mikilvæg til að öðlast yfirsýn yfir minjar á hverju svæði og getur þannig stuðlað að verndun á minjastöðum.

Einnig nýtist fornleifaskráning vel við margs konar rannsóknarvinnu og við skipulagsgerð vegna ýmissa framkvæmda. Fornleifar koma stundum óvænt í ljós er framkvæmdir eru þegar hafnar og getur það valdið töfum og óvæntum kostnaði, ásamt því að jafnvel valda skemmdum að óþarfa. Þeirri fyrirhöfn væri hægt að komast hjá að miklu leyti með víðtækari fornleifaskráningu.

Fornleifaskráningar gegna einnig mikilvægu hlutverki í víðara samhengi, því saga og menning eru stöðugt rannsóknarefni. Nýtast skráningar fornleifa í fræðilegu tilliti að því er viðkemur að rannsaka hina ýmsu þætti samfélagsins.

Fornleifaskráningu lýkur má segja aldrei þar sem alltaf bætist við með tímanum en fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar sem eru 100 ára og eldri. Áður óþekktar minjar munu halda áfram að koma í ljós með hjálp nýrrar tækni og nýs búnaðar sem stöðugt er í þróun.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna var farið eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands frá 2013 með viðbótum og breytingum.

Til undirbúnings vettvangskönnunar og fornleifaskráningu á Steinaborg voru teknar saman ýmsar upplýsingar bæði skriflegar og munnlegar sem vísa á minjastaði og geta gefið hugmynd um hlutverk minjastaða. Jarðabækur, örnefnaskrár, túnakort, sýslu- og sóknarlýsingar ásamt fleiru var skoðað (sjá yfirlit í heimildaskrá).

Fornleifaskráning á vettvangi var takmörkuð við það svæði sem verið er að deiliskipuleggja, svokölluð deiliskráning. Loftmyndir voru skoðaðar, gengið var kerfisbundið um svæðið og hver minjastaður var hnitsettur (ISNET93) og uppmældur með Trimble tæki frá Minjastofnun Íslands, honum lýst og staðurinn ljósmyndaður.

Fornleifar sem eru skráðar fá hver sitt númer eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands. Númerið byggir á verknúmeri verkefnisins sem fæst við stofnun þess í kortavefsjá Minjastofnunar og hlaupandi númeri innan verkefnisins. Verkefnanúmer þessarar skráningar er 1982.

Steinaborg söguágrip

Búseta og bæjarheiti

Reynt var að rekja ábúð á býlinu eins langt aftur í tíma og unnt var með skriflegum heimildum. Farið var í gegnum öll manntöl sem til eru frá Steinaborg (Þjóðskjalasafn Íslands. Manntöl, www.manntal.is). Einnig voru teknar fram upplýsingar í Íslendingabók. Varð þannig til ítarleg samantekt á öllum manntalsskráðum ábúendum á jörðinni. Fyrsta manntal á Íslandi er frá 1703 en þar er Steinaborgar ekki getið. Ýmsar orsakir eru síðan fyrir því að önnur manntöl á Íslandi frá 18. öld eru annaðhvort glötuð eða ófullkomin. Ábúendur eru manntalsskráðir á býlinu Steinaborg frá árinu 1801 og fram til ársins 1920, en þar var látið staðar numið næst nútíma.

Mikil byggðaaukning varð á öllu landinu á 17. öld og fjöldi hjáleigna og smákota byggðust upp. Á 19. öld varð sprenging í byggð á Austurlandi en á síðari hluta aldarinnar lagðist hjáleigubýggðin af og ábúendur fluttu margir til Ameríku eða til kaupstaðarins, Djúpavogs. (Sædís Gunnarsdóttir. *Meningarminjar í Djúpavogshreppi*. 2004. Svæðisskráning, bls 20). Bæjarheiti gátu tekið breytingum í gegnum tíðina og hjáleigur og smákot fengu eigin nöfn en fáar heimildir eru til sem tímasetja hjáleigubýggð á svæðinu. Til að reyna að rannsaka hvort býlið Steinaborg ætti sér sögu fyrir árið 1801 var rýnt enn frekar í heimildir og nýjar teknar fram. Kviknaði þá sú hugmynd að e.t.v. mætti skoða önnur og fleiri bæjarnöfn og reyna á þann hátt að komast sem næst svari við spurningunni: Hefur bæjarheitið Steinaborg tekið breytingum í gegnum aldanna rás?

Hér að neðan eru tilvitnanir í þær heimildir sem við eiga: (leturbreyting MGL)

Verður hér aðeins minnst lítilliga á Tyrkjaránið 1627. Í Sögurit IV 1 stendur á bls. 11: „Á Berunesi drápu þeir tvær kerlingar, en á næsta bæ var alt fólk flúið, hét á Karlstöðum, nema einn förupiltur, hver eð lá sjúkur. (...) og í hjáleigunni tóku þeir manninn með tveim börnum og þriðja barnið með vöggunni; frá Krossi bóndann með tveimur vinnumönnum, og úr Gerði hjónin með einu barni; frá Krossgerði hjónin bæði og einn pilt frá **Borg**, einn mann frá Sjóarborg, hjónin bæði frá Berunesi, (menn frá Núpi þrjá,1) og úr Papey tvo pilt. Alt þetta fólk fluttu þeir til skips á þeim sama degi.”

Í *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi* bls. 207, skrifar Björk Ingimundardóttir: ”Í visitasíu Brynjólfs biskups Sveinssonar árið **1641** eru nefndir þessir sóknarbærir: Núpur, Kross með Krossgerði, **Karlsstaðir með Borg og Fossgerði**, ..”. Í héraðsritinu *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*, bls. 382, er Karlsstöðum lýst: „Í ýmsum heimildum er skrifað Kallstaðir (t.d. í Manntali 1703), sennilega eftir framburði, en þó hafa menn látið sér detta í hug, að bærinn hafi verið nefndur svo, af því að þaðan hafi verið kallað yfir fjörðinn, sem er tæpir 3 km á breidd ..” Í lýsingum á Karlsstaðahjáleigu auk fleiri býla í kring segir: ”Enn er nefnt **Karlsstaðaborg**, byggð 1703 (Manntal).”

Í *Múlasýslur. Sýslu- og sóknarlýsingar. Beruffjarðar- og Berunessókn* frá 1840, bls. 506, skrifar Pétur Jónsson prestur: ”Fyrir framan Krossána stendur Fossgerði, 3 hndr. að dýrl., svo

Steinaborg, 4 hndr., svo Kallstaðir (í neðanmálsgrein: Nú Karlsstaðir), 7 hndr., Kallstaðahjáleiga, 3 hndr. Þessir fjórir bæir kallast með einu nafni **Kallstaðaborg**;..”. Í *Jarðatali Johnsens* frá 1847, bls. 379, stendur eftirfarandi um Steinaborg: ”1696 (40 al. lsk.), 1804 og nú hjá sýslumanni er jörð þessi talin 4 h að dýrleika, en 1760 **hjáleiga frá Karlsstöðum**.” Um Fossgerði stendur á sama stað: ”Þessi jörð sömuleiðis (1696 : 30 al. lsk.) hjá einum og sömu 3 h. að dýrleika, og 1760 sem hjáleiga frá Karlsstöðum”.

Ályktanir

Í heimildum er getið um ”Karlsstaði með **Borg** og Fossgerði” árið 1641. Bæði Steinaborg og Fossgerði byggðust út frá og voru hjáleigur frá Kallstöðum/Karlstöðum a.m.k. fram til ársins 1760. Í fyrsta manntalinu árið 1703 voru skráð hjón með þrjú börn á Fossgerði, Steinaborgar var þá ekki getið. En, í því manntali er hins vegar að finna býli með heitinu **Kallstaðaborg**, Beruneshreppi. Þar bjuggu þá hjón með sjö börn, Þorlákur Hreiðarsson bóndi f 1646 og Ingveldur Eiríksdóttir húsfreyja f ”um” 1655, börn þeirra fædd á tímabilinu 1684-1701.

Í riti um Tyrkjaránið 1627 er getið um Borg: “..frá Krossgerði hjónin bæði og einn pilt frá **Borg**, einn mann frá Sjóarborg, hjónin bæði frá Berunesi ..”. Steinaborg liggur á milli Krossgerðis og Beruness. Frá Berunesi var hjáleigan Borg í byggð a.m.k. á 18. og 19. öld en frá Karlsstöðum var hjáleigan Borg í byggð þegar árið 1641. Er því hugsanlegt að hér sé átt við Steinaborg.


Pétur Jónsson skrifar í *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 507 um Steinaborg: “Nafn jarðarinnar kemur án efa frá skriðuföllum frá fjallinu fyrir ofan bæinn. Jarðir í Berufirði á þessu svæði eru kallaðar landbrotajarðir þ.e. Núpur, Kross (áður Krossþorpið), Fossgerði, Steinaborg, Karlsstaðir (áður Kallstaðir), Berufjörður og Urðarteigur. Þessar jarðir hafa liðið töluverðan skaða af þessum sökum á tünnum, einkum Steinaborg, og engjum og úthaga.” Liggur enn skriðuvarnargarður meðfram gamla þjóðveginum fyrir ofan Steinaborg.

Borg í merkingunni klettur á einkar vel við sem heiti á býlinu **Steinaborg**. Hátt klettabelti, hraun, aðskilur neðra land og fjalllendi en bæjarstæðið liggur ofan við klettabeltið uppi við fjallsrætur. Er þaðan víðfeðmt útsýni yfir haf, fjörð og fjöll. Í gegnum tíðina hafa steinar og heil björg hrunið úr fjallshlíðinni og liggja á dreif í bæjartúninu. Segja má að bæjarheitin Steinaborg og Borg séu hvoru tveggja mikið sannnefni því bærinn er umkringdur stórum steinum og liggur ofan hárrar hamraborgar.

Af framanrituðu má draga þá ályktun að bæjarheitið hafi breyst úr Borg í Kallstaðaborg/Karlstöðaborg og að lokum í Steinaborg. Ef tilgátan reyndist rétt má rekja búsetu á staðnum aftur til ársins 1641, jafnvel 1627, með aðstoð skriflegra gagna. Verður hér látið staðar numið við þau ártöl.

Jörðin og húsin

Steinaborg og Fossgerði, sem er næsti bær austan megin, voru áður ein og sama jörðin. Bæði býlin byggðust út frá og voru hjáleigur frá Karlsstöðum. Höfðu þau óskipt afréttarland en ræktunarlandi var skipt samkvæmt munnlegu samkomulagi. Hrossahjallar og mynni Krossdals eru í bakgrunni, Krossá er á ytri mörkum jarðarinnar í austri. Steinaborgavogur er beint niður undan bænum innan við Landhólmann og fellur Krossá í sjóinn rétt utan við hann. Þar er lending en óörugg og fjárhætt er á flæðiskerjum. Jarðarkostir þóttu í lakara lagi, afkoma byggðist því meira á sjávargagni en búkostum til landsins. Róið var þegar sjór var fær, fyrst á árabátum síðar á trillum. Um 1920 keyptu synir bændanna á Steinaborg og Fossgerði 7 tonna mótorbát í félagi og gerðu út í tvö ár. (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi*, bls 380). Í *Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 507 er skrifað m. a. um veðurfar og veiðar. Selveiði og hákarlsveiði var stunduð ásamt fiskveiði og æðarvarp var nýtt. Í búskaparannál kemur fram að tún hafi verið um 1 ha á hvoru býli, hæfileg áhöfn var 2 kýr, 2 hestar og 80-120 kindur á hvoru býli. Sáðgarður og uppskera 400 kg á Steinaborg, afraksturinn var fyrst og fremst til heimilisnota en stundum til sölu. Eldsneyti var af ýmsu tagi; mór, tað og rekaviður en einnig þang var notað til upphitunar. Kolaeldavél var í eldhúsinu. Árið 1929 var komið fyrir vatnsrafstöð (6 kw) í Krossánni rétt fyrir neðan Fossgerði sem var sameiginleg fyrir Steinaborg og Fossgerði. Átti það rafmagn að nægja til ljósa, suðu og upphitunar. (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi* bls. 380).



Mynd 2. Túnakort frá 1919 lagt yfir gervihnattamynd frá 2002

Á túnakorti frá 1919, uppdrætti í mælikvarðanum 1:1000, var íbúðarhúsið frá 1917 teiknað. Hús voru teiknuð vestan megin við íbúðarhúsið (tóftir hlöðu í dag) og norðan megin við (tóftir fjóss byggt árið 1922) og ganga þau hús saman í eitt norðan megin við íbúðarhúsið. Fleiri hús eru á túnakortinu án skýringa. Útihúsi dálítið vestar ber saman við staðsetningu fjárhúss/hlöðu byggt 1920. Vegarslóði liggur frá gamla þjóðveginum Fossgerðismegin niður hallann að austurgafli fjóss og skemmu og beygir þar þvert fyrir hornið. Fyrir framan húsið að sunnanverðu er steinlögð stétt enn í dag. Hélt slóðinn áfram í vestur eftir túnunum framhjá fjárhúsi og öðru útihúsi (mögulega sumarfjós) og þar upp að þjóðveginum aftur. Tún árið 1919 voru 2,23 ha. Sáðreitir voru samtals 540 m² að stærð, en þrír matjurtagarðar eru á túnakortinu. Einn reitur langstærstur, eða ca 440 m² á stærð, lá beint fyrir framan íbúðarhúsið, annar minni ca 70 m² lá á bak við íbúðarhúsið og sá þriðji ca 30 m² á stærð lá þar sem vegarslóðinn sveigði upp á þjóðveginn aftur við útihús af ókunnu tagi.

Síðustu ábúendur

Hjónin Jón Bjarnason húsbóndi og Antonía Stefánsdóttir húsmóðir og ljósmóðir fluttu árið 1908 til Steinaborgar ásamt fimm börnum sínum og móður Antoníu. Var þar torfbær á þeim tíma. Við manntal árið 1910 bjuggu þar 9 manns, eitt barn hafði þá bæst við fjölskylduna.

Fjölskyldan reisti nýtt tvílyft timburhús inn í tóft torfbæjarins árið 1917. Við manntal 1920 voru skráðir 13 manns á bænum og hafði þá samsetning fjölskyldunnar breyst aðeins. Sjöunda og síðasta barn þeirra hjóna hafði fæðst 1913, en aðeins mánuði síðar lést dóttir þeirra 5 ára gömul. Ein eldri dóttir var flutt að heiman. Elsti sonurinn bjó heima með konu sinni og tveimur börnum þeirra, einnig bjó systir konunnar þar. Móðir Jóns bjó hjá þeim en móðir Antoníu var þá látin. Ennfremur var þar vinnumaður, sá er varð maður elstu dótturinnar og fluttu þau skömmu eftir að manntal 1920 var gert. (Unnið upp úr manntölum, Þjóðskjalasafn Íslands). Á heimilinu bjuggu einatt 2-3 sjómenn yfir vorvertíð, einnig voru þar drengir á sumrin. (Munnleg heimild Sigrún Kristmannsdóttir).

Bergur Guðmundsson, núverandi ábúandi, hafði eftir heimildamanni sínum Elís Pétri Sigurðssyni frá Krossi (d. nóv. 2019 um nírrætt) að skóli hafi verið starfræktur á Steinaborg um tíma eins og tíðkaðist víða til sveita. Elís Pétur var að eigin sögn um 6 ára gamall er hann byrjaði að sækja skóla þar, þá í kringum árið 1935.

Bjartmar Jónsson, þriðja barn af sjö í systkinahópnum, var ókvæntur og barnlaus. Hann bjó alla sína ævi á Steinaborg eða allt þar til hann brá búi. Er Þóra systir hans varð ekkja árið 1927 flutti hún með börn sín til foreldranna á Steinaborg og var skráð þar ráðskona. Eftir fráfall foreldranna 1944 og 1947 bjuggu systkinin þar áfram saman lengst af.



Mynd 3. Steinaborg um 1970, horft til NV. (Ljósmynd í eigu landeiganda).

Árið 1969 keypti Kristmann Jónsson vinur Bjartmars af honum býlið ásamt hluta hans í jörðinni. Var staðurinn síðan notaður til sumardvalar en eignin var aldrei afskráð úr þjóðskrá og er lögbýli. Íbúðarhúsinu var viðhaldið í góðu ástandi lengi vel en útihúsin urðu smám saman náttúruöflunum að bráð. Dóttir Kristmanns, Sigrún, erfði jörðina við fráfall föður síns og er sonur hennar, Bergur Guðmundsson, núverandi ábúandi á Steinaborg frá árinu 2014. (Munnleg heimild Sigrún Kristmannsdóttir).

Íbúðarhús



Mynd 4. Steinaborg ár 2010, horft til N. Hrossahjallar í bakgrunni. (Ljós. Páll Jakob Líndal 2010)

Byggingarár nýja hússins er skrifað 1917 víðast hvar en í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020 stendur ártalið 1918. Metnaðarfull húsverndarstefna Djúpavogshrepps var sett fram í aðalskipulaginu. Ítarleg úttekt á gömlum húsum í sveitarfélaginu var gerð 2014 af

starfsfólki Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur arkitekts og hún birt í *Húsakönnun í Djúpavogshreppi*. Um Steinaborg stendur að íbúðarhúsið hafi verið byggt í fábrotnum alþýðustíl og að því svipi að töluverðu leyti til húsa af sömu gerð í sveitarfélaginu, t.d. Strýtu. Svipaður byggingarstíll er einnig á t.d. Karlsstöðum, Berunesi, Skála, og Berufirði.

Íbúðarhúsið var timburhús á tveimur hæðum með mænispaki yfir því miðju og sneri í austur-vestur, framhlið sneri á móti suðri. Grunnurinn var steinlagður með flötum steinum. Grunnflatarmál íbúðarhússins var þá 39.3 m². Kjallari styrktur með steinhlöðnum veggjum, 2.5 x 5 m að stærð, var undir stórum hluta íbúðarhússins. Getur hann hugsanlega verið frá tímum torfbæjarins og var hann þá að öllum líkindum endurhlaðinn er timburhúsið var reist. (Munnleg heimild Björn Björgvinsson, húsasmíðameistari). Vegg hæð kjallarans er 1.9 m en 1.4 m á þeim stað þar sem í upphafi var lítill opnanlegur gluggi til suðurs. Þegar sökkull hússins var steiptur var einnig steipt trappa sem lokaði fyrir gluggann. Aðgangur að kjallaranum var í eldhúsinu í gegnum hlera í gólfi. Herbergjaskipan hússins var eftirfarandi: Gengið var inn í litla forstofu, beint áfram var lítill gangur en á hægri hönd var s.k. fínstofa. Við enda gangsins til vinstri/vesturs var eldhúsið en til hægri lá brattur stigi upp á loft og stór hleri þar sem hægt var að loka. Á efri hæð var tvískipt baðstofa, eitt stórt herbergi og annað minna. (Munnleg heimild Sigrún Kristmannsdóttir).

Steinhleðsla 1.8 m á hæð var vestan og norðan megin við húsið (stendur enn) og var 0.8 m breitt bil á milli hleðslunnar og sjálfs timburhússins. Þak var lagt yfir og myndaðist þannig yfirbyggður gangur meðfram húsinu. Vatnssalerni var komið fyrir í suðurenda gangsins, 0.8 x 3.9 m að stærð eða 3.12 m², ártal óþekkt. Frá eldhúsinu voru dyr að ganginum, til vinstri var salernið, en í austurenda ganganna voru dyr að skemmunni. (Munnleg heimild Sigrún Kristmannsdóttir).

Skemman var viðbygging sem Ungmennafélagið Bára byggði árið 1933 og notaði fyrir samkomuhald og skemmtanir í réttan áratug. (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi*, bls. 368). Grunnurinn var steinlagður eins og undir íbúðarhúsinu en trégólf lagt yfir. Var skemman 4.5 x 5.2 að stærð eða 23.4 m². Um 1950 var þar grafin og steipt gryfja fyrir kolamiðstöð til kyndingar (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi*, bls. 380) og settir inn vatnsfylltir ofnar í húsið. Veggur skemmunnar í austur var þá steinsteiptur. Einnig var steiptur sökkull eða kantur neðst út með allri suðurhlið hússins og steiptar tröppur fyrir íbúðarhús og skemmu. Skemman var bárujárnsklædd og bárujárnsþak var komið á öllu húsinu um 1930. (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi* bls. 380). Íbúðarhúsið var klætt að utan með asbest (ártal óþekkt).

Grunnflatarmál íbúðarhússins árið 1917 er það var nýbyggt var 39.3 m². Viðbyggt salerni vestan megin við var 3.12 m² og viðbyggt skemma austan megin við var 24.15 m². Grunnflatarmál hússins ásamt viðbyggingum var þá orðið 66,57 m². (Heimild um flatarmál frá Bæjarskrifstofu Djúpavogshrepps).

Útihús

Árið 1922 var byggt fjós fyrir 2-3 kýr (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi*, bls. 380) norðan megin við skemmuna og sneri í austur-vestur. Engar teikningar eða ljósmyndir fundust sem heimild, en teikning á túnakorti samsvarar tóftunum. Ragnhildur Þorleifsdóttir, f 1944, var heimasæta á næsta bæ Fossgarði, og segir þannig frá að dálítið millibil hafi verið á milli skemmu og fjóss en að þar hafi einnig verið innangengt með hurð á milli. Á suðurhlið fjóssins þar sem það stakk aðeins austur fyrir skemmuna hafi verið hurð fyrir nautgripina. Sagði hún að sumarfjós s.k. hafi verið lengra í vestur (út fyrir deiliskipulagssvæðið). Nefndi hún einnig að lítill kofi, hugsanlega hæsnahús, hafi staðið til hliðar eða á bak við fjósið.

Sigrún Kristmannsdóttir, núverandi eigandi, nefndi fjós á þeim sama stað. Var það enn í notkun árið 1969 er hún fór í heimsóknir sem barn með föður sínum Kristmanni Jónssyni til Bjartmars Jónssonar bónda. Hænur voru á vappi á bæjarhlaðanum og þær fylgdu með í kaupum föður hennar á bænum. Ekkert stendur eftir af fjósinu í dag, en mikið af steinum liggja í óreglulegum hrúgum á því svæði.

Við hlið íbúðarhússins vestan megin var heyhlaða er Ragnhildur Þorleifsdóttir kallaði heimahlöðu. Er tóftin greinanleg í dag en mikið hefur hrunið úr veggjum og stórt skarð myndast í vegginn til vesturs. Bárújárnsþak og gaflar úr tré með glugga eyðilögðust með tímanum og féll þakið að lokum í veðrum um miðjan 9. áratug síðustu aldar.

Norðan og vestan megin við íbúðarhúsið er mikil grasivaxin upphækkun sem liggur upp að og er jafnhá steinhleðslunni sem er 1.8 m á hæð. Afmarkast svæðið til norðurs af 15 m löngum túngarði sem snýr í austur-vestur. Á túnakorti eru teiknuð útihús til sitthvorrar hliðar íbúðarhússins og ganga þau saman í eina heild norðan við íbúðarhúsið. Að öllum líkindum hafa það verið hlaða og fjós á sama stað og síðar var og hugsanlegt er að innangengt hafi verið á milli útihúsanna samanber túnakort. Ellegar gætu hafa staðið þar geymsluskúrar af einhverju tagi. Fiskveiðar voru stundaðar á býlinu og skepnuhald, einnig töluverð matjurtaræktun. Á túnakorti er stór sáðreitir ca 440 m² á stærð beint fyrir framan húsið, annar ca 70 m² á stærð norðan megin við íbúðarhús/hlöðu og sá þriðji ca 30 m² á stærð lengra burt frá bænum til vesturs. Það hefur verið rík þörf fyrir geymslurými tengdu bústörfunum; geymslur hefur þurft fyrir verkfæri og áhöld, til að þurrka og geyma fisk og önnur matvæli og fyrir eldivið. Smiðja var áður algeng við bæi.

Fjánhús fyrir 120 ær var byggt árið 1920 skammt vestan við bæjarstæðið (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi*, bls. 380). Samkvæmt munnlegri heimild Ragnhildar Þorleifsdóttur voru þar tvö hólf, annað var stærra með fóðurgarði. Hlaða sambyggð fjárhúsinu lá norðanmegin við og sneri í austur-vestur. Bergur Guðmundsson nefndi að í kringum 1990 hafi fjárhúsið eyðilagst endanlega er þakið losnaði og fauk í veðrum og var þá restin af þakinu tekin burt. Er mjög líklegt að fjárhús hafi staðið þar áður því staðsetningunni í dag ber saman við staðsetningu útihúss á túnakorti 1919.

Annað skráð á svæðinu:

Strýtulaga hóll 1 m á hæð, rof var í jarðveginum til suðvesturs og sást þar skeljasandur. Hefur mögulega getað verið öskuhaugur.

Hringlaga tóft með lágum, flötum og breiðum veggjum og dæld í miðju, greinanleg en aldur og hlutverk óþekkt. Hafði Bergur Guðmundsson hermt það eftir munnlegum heimildum óþekkts þriðja aðila að þar hefði áður verið náðhús.

Steinalögn norðan við íbúðarhúsið, rétt sunnan við skriðuvarnargarðinn. Liggja steinar í tvöfaldri röð en einfaldri síðan í L-laga formi, 4 x 3 m. Var það ágiskun Bergs Guðmundssonar að þar hefði hugsanlega verið einföld áveita eða vatnsból.


Aflangar þústir, sex talsins, liggja á túnnum og snúa allar í norður-suður, tvær þústir nálægt íbúðarhúsinu en fjórar hver á eftir annarri á Úttúni vestan af húsinu. Í *Örnefnalýsingu* (1976) sem er skrásett af Nönnu Guðmundsdóttur stendur: “ 1. Lindarhóll er á Úttúni skammt frá svokallaðri Lind og Lindarræsi sem var á þessum tíma horfið í skurð. 2. Stórihóll er uppaf Lindarhóli. 3. Litlihóll er efstur. Þessir hólar eru þannig tilkomnir að aurskriður hafa fallið á túnið, aurnum síðan mokað saman og svo gróið upp úr honum.” Skriðuvarnargarður liggur einmitt fyrir ofan bæinn. Af framanrituðu má heita öruggt að þústir 1982:14-17 á Úttúni séu haugar eftir skriðuföll. Einnig má telja líklegt að þústirnar sem liggja nær bænum, 1982:12-13, séu sams konar haugar. Heimildamenn Nönnu Guðmundsdóttur við skráninguna 1972 voru ábúendur en hún hafði jafnframt hliðsjón af eldri örnefnaskrá. Ekki er hægt að segja með fullri vissu hvaða þrjár þústir af fjórum sem eru nafngetnar í skráningunni því viðmiðunin Lind og Lindarræsi eru horfnar. Líklegast er þó að það séu þrjár neðstu þústirnar sem einnig eru stærstar, þ.e. nr 1982:15-17. Ekki reyndist unnt að staðsetja önnur örnefni á svæðinu en þústirnar þrjár á Úttúni því engin kort fylgja örnefnaskrá og engir heimildamenn voru til frásagnar.

Sunnarlega á skipulagssvæðinu, tæplega 100 m frá hringvegi 1 í beina línu norður að heimreið (mynd 56) er túngarður 44.5 m langur sem liggur austur-vestur. Vestur-endi túngarðsins liggur undir nýjum malarvegi og endar hann í austri á klettabelti. Hugsanlega er túngarðurinn síðari tíma hleðsla til stuðnings girðingar, ryðgaður gaddavír og spýtur liggja þar við á nokkrum stöðum. Hæðarmismunur á suðurenda syðsta túns, vestan megin við heimtröðina til móts við túngarðinn, er mögulega tilkominn vegna uppgróins túnsins, engin merki sjást um hleðslur þar.

Á klettabeltinu, 15 metrum sunnan við túngarðinn, liggur tóft 2 x 2 m að stærð mjög hrunin.


Fornleifaskrá

Skráðar minjar voru 19 talsins.



Mynd 5. Yfirlit yfir minjar 1982:1-17.

Yfirlit yfir minjar 1982:18-19 sjá mynd 56.



Mynd 6. Yfirlit yfir bæjarstæðið 1982:1-7: íbúðarhús með kjallara og viðbyggðri skemma, fjós, hlaða, túngarður og matjurtagarður

1982-1 mannvistarleifar hibýli

Íbúðarhúsið var byggt árið 1917 inn í tóft torfbæjar er þar stóð áður. Húsið sneri í austur-vestur, framhliðin með útidyrum sneru til suðurs. Húsbyggingin hvíldi á grunninum en var ekki fest. Grunnurinn var steinlagður og trégólf lagt yfir, liggur hann 0.3 m hærrí en stéttin fyrir framan til suðurs. Grunnflatarmál íbúðarhússins var $7.50 \times 5.25 \text{ m} = 39,3 \text{ m}^2$.



Mynd 7. Bæjarstæði hibýli 1982-1, horft til NV.
(Ljósma Margrét G Lundgren ágúst 2018)



Mynd 8. Steinhleðsla 1982-1, horft til V.
(Ljósma Andrés Skúlason febr. 2015)

Til norðurs og vesturs er steinhleðsla 1.8 m á hæð og 0.5 m þykk. Mikið magn jarðvegs liggur á bak við upp að og jafnhár allri steinhleðslunni. Steinhleðslunni hallar aðeins í sveig sums staðar útávið til móts við jarðveginn, hleðslan heldur á móti honum, og liggur í mjúkri beygju í horninu. Veggir timburhússins frá 1917 lágu 0.8 m frá steinhleðslunni. Telja má mjög líklegt að þak hafi verið lagt yfir millibilið um leið og húsið var reist og því hafi verið þar gangur þegar frá byrjun.



Mynd 9. Steinhleðsla gangur 1982-1, horft til V. (Ljósm. Þór Vigfússon 2013)



Mynd 10. Steinhleðsla, gangur 1982-1, horft til A. (Ljósm. Þór Vigfússon 2013)



Mynd 11. Viðbygging/salerni 1982-1 (Ljósm. Þór Vigfússon 2013)



Mynd 12. Viðbygging/salerni 1982-1 (Ljósm. Páll Jakob Líndal 2010)

Í vesturhluta ganganna var komið fyrir vatnssalerni, ártal óþekkt. Mælist salernið $0.8 \times 3.90 \text{ m} = 3.12 \text{ m}^2$ og að því meðtöldu varð flatarmál íbúðarhússins 42.4 m^2 . Á ljósmynd nr. 13 sem var tekin um eða upp úr 1940 sést lítill gluggi á suðurgafli ganganna. Göngin voru dimm og því er ekki hægt að horfa til gluggans sem mark um tímasetningu salernisins. Má glögg sjá á myndinni háan og mikinn stein- og torfvegg á milli húss og hlöðu en hann er mikið til horfinn í dag. Einnig sést að á þaki ganga/salernis liggur torf með steinum ofan á til varnar því að torfið fjúki.



Mynd 13. 1982-1 Ljósmynd tekin ca 1940 (Björn Björgvinsson lánaði).

Á myndinni er Jóna Kristín Jónsdóttir f 1928, barnabarn Jóns Bjarnasonar, bónda.

Situr hún uppi á vegghleðslu milli íbúðarhúss og hlöðu, horft til NA.

Húsið eyðilagðist í bruna í febrúar 2015. Standa eftir 1.8 m háar steinhleðslur til norðurs og vesturs. Steinlagður grunnur stendur eftir. Steinsteypur sökkull stendur eftir að hluta, undirstaða sökkuls er steinar, ásamt steypum tröppum við aðalinnganginn.

Ummál mælt með nákvæmum staðsetningatækjum, hæð mæld með málbandi.

Hættumat: hætta, vegna rasks

1982-2 niðurgröftur með hleðslu kjallari

Undir stórum hluta íbúðarhússins er niðurgrafinn kjallari styrktur að innan með steinhleðslu. Innra mál hans er 5.2 x 2.5 m, veggþykktin 0.3-0.4 m, vegg hæðin 1.9 m. Á einum stað er veggurinn 1.4 m þar sem í upphafi var lítill gluggi. Þegar sökkull hússins var steypur var steyptrappa sem lokaði fyrir gluggann. Steinhlaðnir veggirnir standa eftir að mestu heilir. Er mælingin fór fram voru ryðgaðar bárujárnsplötur, ofnar, rör o.fl. sem hafði hrunið niður í brunanum ofan í kjallaranum en unnið var við að hreinsa það burt.

Aldur óþekktur.

Ummál mælt með nákvæmum staðsetningatækjum, hæð mæld með málbandi.

Hættumat: hætta, vegna rasks



Mynd 14. Kjallari 1982-2, horft til NV.
(Ljósm. MGL ágúst 2018)



Mynd 15. Kjallari 1982-2, horft til N.
(Ljósm. MGL ágúst 2018)

1982-3 mannvistarleifar skemma

Austan megin við húsið var byggður áfastur skúr með hallandi þaki árið 1933. Var hann 4.5 x 5.2 m að stærð eða 23.4 m². Um 1950 var grafin og steyppt gryfja í steinlagt gólfíð fyrir kolamiðstöð til kyndingar í íbúðarhúsinu. Veggur skemmunnar í austri var einnig steinsteypdur og steypdur sökkull eða kantur neðst út með allri suðurhlið hússins og steypptar tröppur. Grunnurinn var steinlagður en trégólf var lagt yfir, liggur hann 0.3 m hærri en stéttin fyrir framan til suðurs.



Mynd 16. Skemma 1982-3 horft til NV.
(Ljósm. Þór Vigfússon 2013)



Mynd 17. Skemma, fjós næst, 1982-3 horft til SV.
(Ljósm. Þór Vigfússon 2013)



Mynd 18. Skemma 1982-3 horft til NV.

(Ljós. Bergur Guðmundsson jan. 2020)



Mynd 19. Skemma, miðstöð 1982-4.

(Ljós. Andrés Skúlason febr. 2015)

Eftir bruna hússins 2015 stendur eftir steinsteypt gryfjan og er miðstöðin þar í. Steinlagt gólf stendur eftir. Neðsti hluti útveggjar í austur ásamt steypum sökkli og tröppum í suður standa eftir, undirstaða sökkuls er steinar.

Ummál mælt með nákvæmum staðsetningatækjum, hæð mæld með málbandi.

Hættumat: hætta, vegna rasks

1982-4 tóft fjós

Á túnakorti frá 1919 liggur íbúðarhúsið fremst fyrir miðju og snýr í austur-vestur. Útihús eru vestan og norðan megin við húsið og ganga útihúsin saman í eina heild norðan megin við íbúðarhúsið. Eru öll húsin teiknuð án millibils og mögulega hefur verið innangenget milli útihúsa áður. Líklegt er að útihúsin hafi gegnt sama hlutverki árið 1919 og síðar, þ.e. heyhlaða (aldur óþekktur) vestan megin við íbúðarhúsið og fjós fyrir 2-3 nautgripi norðan megin við húsið. Fjósið var byggt 1922 norðan við skemmuna, sneri í austur-vestur og náði aðeins austur fyrir gafl skemunnar. Í dag stendur ekkert eftir af fjósinu, en óreglulegar steinahrúgur liggja á austurhluta svæðisins.



Mynd 20. Tóft, fjós, 1982-4, horft til V.

(Ljós. MGL ágúst 2018)

Jarðvegurinn er á hæð til jafns við túngarðinn sem afmarkar svæðið til norðurs, 0.4 - 0.9 m á hæð. Landslaginu hallar niður á við til suðurs á þessu svæði. Jarðvegurinn á bak við húsin

liggur samt nokkuð lárétt eða slétt miðað við hæð y/s og er jafnhár steinhleðslunni sem er norðurveggur íbúðarhússins, eða 1.8 m á hæð þar.



Mynd 21. Tóft, fjós 1982-4, horft til SV.
(Ljósm. Páll Jakob Lindal 2010)



Mynd 22. Tóft, fjós 1982-4, horft til S.
(Ljósm. Páll J Lindal 2010)



Mynd 23. Jarðvegur upp að steinhleðslu/gangi 1982-4.
Horft til SA. (Ljósm. Þór Vigfússon 2013)



Mynd 24. Grjót milli steinhleðslu og hlöðu 1982-4.
Horft til A. (Ljósm. Þór Vigfússon 2013)

Á milli steinhleðslunnar og hlöðunnar í vestur liggur mikið af grjóti og jarðvegi. Engin lögun er greinanleg í dag en steinar sem gætu verið grunnur hleðslu sjást þar syðst og neðst. Á ljósmynd nr. 13 frá um 1940 sést vel há og mikil hleðsla úr torfi og grjóti á milli hússins og hlöðunnar. Á túnakortinu frá 1919 er ekkert millibil á milli íbúðahúss og útihúss. Því er línan sem afmarkar svæði 1982-4 til suðurs nú dregin á milli suðurgafla íbúðarhússins og hlöðunnar.

Ummál mælt með nákvæmum staðsetningatækjum, hæð mæld með málbandi.

Hættumat: hætta, vegna rasks.

1982-5 tóft hlaða

Heyhlaða var við hlið íbúðarhússins að vestanverðu. Tóftin er 7.8 x 11.7 m að ytra máli, 4.2 x 8 m að innra máli, og snýr norður-suður, inngangur á gaffli í suðri. Mögulega hefur verið annar inngangur áður norðan eða austan megin og innangengt milli fjóss og hlöðu með gangi á milli, en hús þar voru samtengd samkvæmt túnakorti. Veggir steinhlaðnir, gaflar efst úr timbri með glugga og bárujárnsþak. Hlaðan eyðilagðist með tímanum af náttúruöflunum og þakið ásamt göflum úr tré hrundu í kringum 1985.



Mynd 25. Tóft, hlaða 1982-5, horft til A.
(Ljós. Páll Jakob LINDAL 2010)



Mynd 26. Hlaða 1982-5, horft til N.
(Ljós. MGL ágúst 2018)

Standa eftir steinhlaðnir veggir sem hæst 1.8 m á hæð í vestur og norður, veggþykkt 1.0 m. Mikið hefur hrunið úr og 2 m langt skarð er í miðjum veggnum til vesturs, steinar liggja á jörðu í kring. Bárujárnsplötur frá þakinu ásamt spýtnabraki frá göflunum lágu á botni tóftarinnar er mælingin var gerð. Tóftin er grasi gróin. Vel greinanlegar fornleifar.

Ummál mælt með nákvæmum staðsetningatækjum, hæð mæld með málbandi.

Hættumat: hætta, vegna rasks

1982-6 garðlag túngarður

Norðan við íbúðarhúsið liggur 15 m langur óslitinn túngarður og snýr í austur-norðvestur. Hleðslan er gerð af 3-4 lögum af steinum og mældist 0.4-0.9 m á hæð. Byrjun garðlagsins í austri liggur á sömu norður-suður línu og austurendi steinhleðslunnar sem var útveggur íbúðarhúss 1982-1. Við enda garðlagsins í norðvestri liggur stór steinn um 1 m að lengd og 0.7 m á hæð. Er túngarðurinn lægstur lengst til austurs.



Mynd 27. Garðlag/túngarður 1982-6, horft til S.
(Ljós. Páll Jakob Línadal 2010)

Garðlagið afmarkar að norðanverðu það svæði sem liggur á milli fjóss 1982-4, hlöðu 1982-5 og íbúðarhúss 1982-1. Á túnakorti var matjurtagarður ca 70 m² á stærð innan svæðisins í norðvestur horninu. Jarðvegurinn liggur jafnhátt túngarðinum sunnan megin við. Lengd stikuð, hæð mæld með málbandi. Hættumat: hætta, vegna rasks

1982-7 jarðræktarsvæði matjurtagarður

Á túnakortinu frá 1919 eru teiknaðir þrjú sáðreitir eða matjurtagarðar sem samtals eru 540 m². Einn reiturinn var langstærstur og lá beint fyrir framan íbúðarhúsið en þar liggur nýr sléttaður malarvegur yfir í dag og sjást hans engin ummerki.

Minni reiturinn var um 70 m² eftir því sem næst verður komist og lá á milli norðurgafls hlöðunnar 1982-5 og fjóss 1982-4, túngarður 1982-6 afmarkar matjurtagarðinn til norðurs. Til vesturs er hann aflíðandi og jafnast út á milli endasteins garðlagsins og norðvesturhorns hlöðunnar í sömu hæð og er fyrir utan svæðið. Ekki er hægt að greina jarðræktarsvæðið í dag.

Ummál reiknað út frá túnakorti 1919.

Hættumat: hætta, vegna rasks.



Mynd 28. Matjurtagarður innan túngarðs 1982-7, horft til S. (Ljós. Páll Jakob Línadal 2010)

1982-8 tóft fjárhús og hlaða

Tóft fjárhúss frá 1920 liggur 53.6 m vestan við tóft hlöðu 1982-5 og 12.4 m vestan við þúst nr 1 1982-13. Ber staðsetningu tóftanna mjög vel saman við útihús á túnakorti. Sambyggt fjárhús og hlaða úr hlöðnu grjóti er alls 12 x 15 m að stærð og er sem mest 1.80 m á hæð. Fjárhúsið sneri suður-norður með tveimur hólfum. Norðan við var heyhlaða sem sneri í austur-vestur.



Mynd 29. Fjánhús og hlaða 1982-8, horft til N.
(Ljósm. MGL ágúst 2018)



Mynd 30. Fjánhús og hlaða 1982-8, horft til NA.
(Ljósm. MGL ágúst 2018)

Afar erfitt er að sjá útlínur tóftarinnar/fjánhússins því grjóttveggir hafa hrunið mikið og blandast saman við það grjót sem víða liggur um túnin sökum grjóthruns úr fjallshlíðinni. Stendur hlaðinn veggur nyrsta hlutans eða hlöðunnar heillegastur og hæstur eftir í dag í norður og vestur. Í hólfinu liggja í dag ryðgaðar bárujárnsplötur og brak.



Mynd 31. Fjánhús og hlaða 1982-8, horft til V.
(Ljósm. MGL ágúst 2018)



Mynd 32. Fjánhús og hlaða 1982-8, horft til S.
(Ljósm. MGL ágúst 2018)

Í fjánhúshluta tóftarinnar voru árið 2017 lagðir plankar þvert yfir grjóttveggi og byggt trégólf, einnig slegið upp þaki úr bárujárni. Byggingarplast var fest við trégrindina sem norðurgafli, en suðurgafli hafður opinn fyrir utan uppslegnar stoðir. Er það notað sem heyhlaða í dag. Gróið tún í kring sem nýtt er til beitar.

Ummál mælt með nákvæmum staðsetningatækjum, hæð mæld með málbandi.

Hættumat: hætta, vegna rasks

1982-9 hóll öskuhaugur hlutverk óþekkt

Strýtulaga grasivaxinn hóll liggur 14.3 m í vestsuðvestur frá suðvestur horni tófta hlöðu 1982-5.



Mynd 33. Hóll 1982-9, horft til N.
(Ljósmynd. MGL ágúst 2018)



Mynd 34. Hóll 1982-9, horft til S.
(Ljósmynd. MGL ágúst 2018)

Hóllinn er 5.3 x 4.3 m að stærð við jörð og 1 m á hæð, mjókkandi upp í toppinn. Norðvestan megin er hóllinn aflíðandi. Norðan, austan og sunnan megin liggur laus mól frá nýlögðum vegi upp að rótum hólsins. Vestsuðvestan megin er rof og barð við rætur hólsins og sést þar finn skeljasandur.



Mynd 35. Hóll 1982-9, rof SV-megin.
(Ljósmynd. MGL ágúst 2018)

Tilgáta er að hóllinn hafi verið öskuhaugur. Engar heimildir er að finna um hóllinn og aldur er óþekktur. Í dag liggur steinn 0.4 x 0.4 m að stærð og 0.4 m á hæð efst á hólnum og undir honum er svart plaströr. Ummál mælt með nákvæmum staðsetningatækjum, hæð mæld með málbandi.
Hættumat: hætta, vegna rasks.

1982-10 tóft náðhús hlutverk óþekkt

Greinileg hringlaga grasi vaxin tóft liggur 6.4 m sunnan við hól 1982-9.



Mynd 36. Tóft 1982-10, horft til V.
(Ljósmynd. MGL ágúst 2018)



Mynd 37. Tóft 1982-10, horft til N.
(Ljósmynd. MGL ágúst 2018)

Tóftin er 4.5 x 4.5 m að ytra máli, 0.15 m að hæð og hallar í norður-suður. Um 40 cm breiður flatur kantur er sýnilegur allan hringinn. Dæld í miðju er um 0.5 meter djúp. Jörð er ber í vesturhluta tóftar eftir rask. Stendur 0.5 m hár staur í norðurhluta innan við kantinn.

Samkvæmt munnlegri heimild var þar náðhús en engar aðrar heimildir var að finna og aldur er óþekktur.

Ummál mælt með nákvæmum staðsetningatækjum, hæð mæld með málbandi.

Hættumat: hætta, vegna rasks

1982-11 steinalögn hlutverk óþekkt

Steinaröð liggur 24.4 m norður frá vesturenda túngarðs 1982-6 og 3-4 m suður af steinhlöðnum varnargarði er liggur meðfram gamla þjóðveginum fyrir ofan bæinn.



Mynd 38. Steinalögn 1982-11, horft til N.
(Ljós. MGL ágúst 2018)



Mynd 39. Steinalögn 1982-11, horft til N.
(Ljós. MGL 2018)

Steinalögn með einföldu lagi steina en á stuttum kafla tvöföldu lagi, 4.8 m á lengd í austur-vestur og 2.5 m í norður-suður. Mjög grasivaxið en þó greinanlegt. Tilgáta Bergs Guðmundssonar er að lögnin geti mögulega hafa verið einhvers konar einföld áveita, ætluð til að veita læk í ákveðna átt eða verið vatnsból þar sem neysluvatn var tekið úr læk. Engar heimildir er að finna um steinalögnina og aldur er óþekktur.

Ummál mælt með nákvæmum staðsetningarækjum, hæð mæld með málbandi.

Hættumat: hætta, vegna rasks

1982-12 þúst nr 1

Þústin nr 1 af 6 liggur 7.2 m vestur af túngarði 1982-6. Er hún 4.4 x 7 m að stærð, 0.6 m á hæð og snýr norður-suður. Stór flatur steinn liggur við norðurenda þústarinnar. Þústin er algróin og gróið ójafnt tún í kring í halla til suðurs, steinar liggja á stangli í kring.

Ummál mælt með nákvæmum staðsetningatækjum, hæð mæld með málbandi.

Hættumat: hætta, vegna rasks



Mynd 40. Þúst nr 1 1982-12, horft til V.
(Ljósm. MGL ágúst 2018)



Mynd 41. Þúst nr 1 1982-12, horft til S.
(Ljósm. MGL ágúst 2018)

1982-13 þúst nr 2

Þústin nr 2 af 6 liggur 22 m í vestur frá þúst nr 1 1982-12. Er hún 7.8 x 15 m að stærð, hæð vestan megin er 0.1 m, hæð mest austan megin er 0.7 m og snýr norður-suður. Er hún langstærst af þústum nr 1-6. Þústin er algróin og gróið ójafnt tún í kring í halla til suðurs, steinar liggja á stangli í kring.

Ummál mælt með nákvæmum staðsetningatækjum, hæð mæld með málbandi.

Hættumat: hætta, vegna rasks



Mynd 42. Þúst nr 2 1982-13, horft til S.
(Ljósm. MGL ágúst 2018)



Mynd 43. Þúst nr 2 1982-13, horft til N.
(Ljósm. MGL ágúst 2018)



Mynd 44. Þúst nr 3 1982-14, horft til N.
(Ljósm. MGL ágúst 2018)

1982-14 þúst nr 3

Á Úttúni eru fjórar aflangar þústir hver á eftir annarri niður hallann til suðurs og liggja allar frá norðri til suðurs. Sú nyrsta og efsta liggur 29.1 m vestan við suðvestur horn tóftar fjárhúss 1982-8 og er hún 4 x 8.3 m að stærð og 0.5 m á hæð. Stór steinn liggur austan megin við þústina. Þústin er algróin og gróið tún í kring í halla til suðurs.

Ummál mælt með nákvæmum staðsetningatækjum, hæð mæld með málbandi. Hættumat: hætta vegna rasks.

1982-15 þúst nr 4

Á Úttúni eru fjórar aflangar þústir hver á eftir annarri niður hallann til suðurs og liggja allar frá norðri til suðurs. Næstefsta þústin liggur 5.2 m í suður frá þúst 3 1982-14 og er 4 x 6 m að stærð og 0.7 m á hæð. Þústin er algróin og gróið ójafnt tún í kring sem nýtt er til beitar. Líklegt örnefni er Litlihóll. Ummál mælt með nákvæmum staðsetningatækjum, hæð mæld með málbandi. Hættumat: hætta, vegna rasks.



Mynd 45. Þúst nr 4 1982-15, horft til S.
(Ljósm. MGL ágúst 2018)



1982-16 þúst nr 5

Á Úttúni eru fjórar aflangar þústir hver eftir annarri niður hallann til suðurs og liggja allar frá norðri til suðurs. Nyrsti hluti þústarinnar liggur 6.7 m austan við syðsta hluta þústar 4 1982-15 og er 6 x 9.2 m að stærð og 1.4 m á hæð. Þústin er algróin og gróið ójafnt tún í kring sem nýtt er til beitar. Líklegt örnefni er Stórihóll. Ummál mælt með nákvæmum staðsetningatækjum, hæð mæld með málbandi. Hættumat: hætta vegna rasks.

Mynd 46. Þúst nr 5 1982-16, horft til S.
(Ljósm. MGL ágúst 2018)

1982-17 þúst nr 6

Á Úttúni eru fjórar aflangar þústir hver á eftir annarri niður hallann til suðurs og liggja allar frá norðri til suðurs. Neðsta þústin liggur 16.8 m sunnan við þúst 5 1982-16 og er 6 x 5.7 m að stærð og 1 m á hæð. Rof um 1 x 2 m að stærð er í henni norðanverðri. Þústin er algróin og gróið tún í kring sem nýtt er til beitar. Líklegt örnefni er Lindarhóll.

Ummál mælt með nákvæmum staðsetningatækjum, hæð mæld með málbandi. Hættumat: hætta, vegna rasks



Mynd 47. Þúst nr 6 1982-17, horft til A.
(Ljósm. MGL ágúst 2018)

1982-18 garðlag túngarður

98 m frá miðpunkti hringvegs 1 í beina norðurátt að heimtröð (mynd 56) liggur 44.5 m langur túngarður austan við heimtröðina en snýr í vestur-norðaustur. Byrjun túngarðsins í vestri hverfur undir heimreiðina en liggur þaðan í norðausturátt, sveigir þá til austurs og endar uppi á klettabelti á eystri mörkum deiliskipulagsuppdráttar. Hleðslan er illgreinanleg við heimreiðina en hækkar lengra til austurs, steinar eru mjög misstórir, mælist sem hæst 0.5 m.



Mynd 48. Túngarður 1982-18, horft til NA.
(Ljósm. Bergur Guðmundsson maí 2020)



Mynd 49. Túngarður 1982-18, rof, horft til A.
(Ljósm. Bergur Guðmundsson maí 2020)

Túngarðurinn getur hafa verið til staðar og girðing sett í, eða mögulega verið hlaðinn sem stuðningur fyrir girðingu því undir er klöpp á þessu svæði. Ryðgaður gaddavír og spýtur liggja á nokkrum stöðum meðfram túngarðinum. Rof er í túngarðinum á einum stað, sjást þar hjólför og slóð í gegn.



Mynd 50. Túngarður 1982-18, horft til V.
(Ljósm. Bergur Guðmundsson maí 2020)



Mynd 51. Syðsta túnið fyrir miðju (skurður fremst),
horft til NV. (Ljósm. Bergur Guðmundsson maí 2020)

Á syðsta túninu vestan megin við heimreiðina, nokkuð til jafns við túngarðinn austan megin við, skýrist hæðarmunur í útkanti túnsins í suður hugsanlega af grónu túninu, óræktað land tekur við þar fyrir neðan. Mögulega hefur þar áður verið girðing en engar hleðslur sýnilegar. Lengd stikuð, hæð mæld með málbandi.

Hættumat: hætta vegna rasks

1982-19 tóft hlutverk óþekkt

Á klettabelti sem afmarkar deiliskipulagsuppdráttinn í austur, 92 m beint í norður frá miðpunkti hringvegs 1 og 15 m suður af austurenda túngarðs 1982-18 (mynd 56), er tóft 2 x 2 m að stærð. Fjarlægð milli suðurhluta þústar 6 1982-17 og norðurhluta tóftar 1982-19 er 235



m. Hefur líklegast verið hlaðið upp veggjum í kringum náttúrulega laut eða dæld í klettunum því miðja og vesturhlið tóftarinnar er jafnhá jarðvegi fyrir utan í vestri. Mikið er hrúnið úr tóftinni sem mælist hæst í austur 0.5 m, veggir sem mest 0.5 þykkir, mjög misstórir steinar. Engar heimildir greina frá tilvist eða hlutverki tóftarinnar.

Ummál stíkað, hæð mæld með málbandi.

Hættumat: hætta vegna rasks

Mynd 52. Tóft 1982-19, horft til A.

(Ljós. Bergur Guðmundsson maí 2020)



Mynd 53. Tóft 1982-19, horft til N.

(Ljós. Bergur Guðmundsson, maí 2020)



Mynd 54. Tóft 1982-19, horft til V.

(Ljós. Bergur Guðmundsson, maí 2020)



Mynd 55. Yfirlitsmynd, minjar 1982:1-17 á gervihnattamynd frá 2002.



Mynd 56. Yfirlitsmynd, minjar 1982:18-19 á gervihnattamynd frá 2017. Hringvegur 1 syðst, heimreið til vinstri.

Samantekt

Fornleifaskráning var gerð vegna deiliskipulagsgerðar á Steinaborg (fskj. 1). Hlutverk deiliskipulags er að skrá takmarkanir á landnotkun, afmörkun menningarminja og reita fyrir væntanlegar byggingar. Í skipulagslýsingu kemur fram að tilgangur deiliskipulagstillögunnar er að leggja grunn að enduruppbyggingu býlisins. Íbúðarhúsið, sem var timburhús frá 1917 með kjallara undir ásamt viðbyggðri skemmu frá 1933, varð eldi að bráð 2015.



Mynd 57. Yfirlitsmynd, minjar 1982:1-17 á túnakorti frá 1919).

Alls voru skráðar 19 minjar innan skipulagssvæðisins.

Á minjasvæði 1982:1-7 liggur bæjarstæðið. Af túnakorti (fskj. 5) að dæma voru íbúðarhúsið og útihúsin norðan og vestan megin við það byggð án bils á milli húsa. Matjurtagarður ca 70 m² lá norðan megin við íbúðarhúsið, á milli útihúsanna, og túngarður 15 m langur afmarkar það svæði til norðurs. Tóftir hlöðu vestan megin við íbúðarhúsið sjást greinilega í dag en tóftir fjóss norðan megin við eru illgreinanlegar. Steinhleðsla 1.8 m á hæð, sem var útveggir íbúðarhússins í vestur og norður, heldur á móti miklum jarðvegi jafnháum hleðslunni. Stendur hleðslan mjög heilleg eftir. Steinlagðir grunnar íbúðarhúss og skemmu standa eftir, 0.3 m hærri en stéttin fyrir framan húsin.

Flatarmál íbúðarhússins á túnakortinu frá 1919 var mælt eftir föngum og bar því mjög vel saman við samanlagt flatarmál íbúðarhússins og viðbyggðrar skemmunnar frá 1933. Hefur því einhvers konar skúrbygging staðið þar frá þeirri tímasetningu, 1919. Íbúðarhúsið var

byggt inn í tóftir torfbæjarins er áður stóð á sama eða svipuðum grunni. Hugsanlegt er að grunnur skemmunnar hafi áður einnig verið grunnur torfbæjarins. Líkur geta talist á að steinhlaðinn kjallarinn undir íbúðarhúsinu geti verið frá tíma torfbæjarins því ekki var óalgengt að slíkir kjallarar væru undir torfbæjum og þeir nýttir sem matarbúr. Á ljósmynd nr. 13 frá um 1940 sést hár og voldugur stein- og torfveggur milli hússins og hlöðunnar sem hefur að líkindum verið hluti gamla torfbæjarins, en mikið er hrunið úr honum í dag.

Algengt var að endurnýta steina þegar veggir voru endurhlaðnir eða bættir, eða þegar breytingar voru gerðar á húsum eftir þörfum (heimild Björn Björgvinsson, húsasmíðameistari). Þegar nýtt íbúðarhús var reist á Steinaborg úr timbri árið 1917 og gamli torfbærinn var yfirgefinn má telja mjög sterkar líkur á að steinar frá veggjum gamla bæjarins hafi verið endurnýttir. Hinir háu hlöðnu útveggir til norðurs og suðurs sem standa eftir í dag hafa að líkindum verið hlaðnir þá og staðsetningu og lögun veggjanna hagað í samræmi við byggingarlag hins nýja timburhúss. Kjallarinn hefur mögulega verið endurhlaðinn í sambandi við byggingu nýja hússins.

Staðsetningu fjárhúss frá 1920 ber saman við útihús á túnakorti, en tóftin er mjög hrugin í dag og útlínur víða illgreinanlegar. Aðrar minjar voru vel greinanleg hringlaga tóft með um hálfsmetra djúpri dæld í miðju, munnleg heimild fannst um að þar hafi verið náðhús. Strýtulaga hóll 1 m á hæð er þar rétt við sem hugsanlegt er að hafi verið öskuhaugur. Fyrir norðan íbúðarhúsið, rétt sunnan við skriðuvarnargarðinn, er lág steinalögn sem mögulega var einföld áveita eða vatnsból. Aflangar stórar grasivaxnar þústir, sex talsins, liggja á túnnum og snúa allar í norður-suður. Tvær af þústunum liggja nálægt íbúðarhúsinu en fjórar þústir liggja hver á eftir annari á Úttúni lengra til vesturs frá húsinu. Í Örnefnalýsingu frá 1976 stendur: “Þessir hólar eru þannig tilkomnir að aurskriður hafa fallið á túnið, aurnum síðan mokað saman og svo gróið upp úr honum.” Hlaðinn skriðuvarnargarður liggur meðfram gamla þjóðveginum ofan við bæinn. Má því telja næsta öruggt að þústirnar fjórar á Úttúni séu slíkir aurskriðuhólar, en að nokkrar líkur séu á að þústirnar tvær nær íbúðarhúsinu séu það einnig.

Sunnarlega á deiliskipulagsuppdrættinum eru tvær minjar. Túngarður liggur frá nýrri heimreið í vestur og endar á klettabelti til austurs. Hann getur verið eldri tíma hleðsla eða hafa verið hlaðinn til stuðnings fyrir gaddavírsg grindverk. Skammt suður af túngarðinum í klettabeltinu liggur tóft sem mjög er hrunið úr, engar heimildir var að finna um tilvist eða hlutverk tóftarinnar.



Mynd 58. Loftmynd tekin með dróna yfir norðurhluta svæðisins.
(Þórhallur Pálsson ágúst 2017)

Undanfarin ár hafa staðið yfir vissar framkvæmdir á jörðinni. Nýr vegur eða heimreið hefur verið lagður frá þjóðveginum upp að bæjarstæðinu. Einn af þremur fyrirhuguðum bústöðum ásamt einu smáhýsi hafa verið reist. Til stendur að byggja íbúðarhús að nýju í sem næst upprunalegri mynd á sama stað og hið fyrra stóð, en bæjarstæðið stendur í dag alveg óhreyft eftir brunann.

Minjastofnun Íslands veitti hönnunarstyrk árið 2015 úr Húsafríðunarsjóði til að hanna íbúðarhús í upprunalegri mynd á Steinaborg. Við hönnun nýrrar byggingar er tekið tillit til og gert ráð fyrir minjum á staðnum, að steinhleðslan sem stendur eftir brunann í norður og vestur verði hluti af húsinu og grunnurinn einnig. Ljóst er að miklar mannvistarleifar eru á svæðinu.

Heimildir

Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008-2020. TGJ Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur (2009).
https://djupivogur.is/data/adalskipulag/adalskipul_greinarg_final.pdf

Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. J. Johnsen (1847). Kaupmannahöfn.

Lög um menningarminjar nr 80, 29. júní 2012. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Múlasýslur. Sýslu og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags, 1839-1874. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson (ritstj.) (2000). Reykjavík: Sögufélagið og Örnefnastofnun Íslands

Leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands 1. Skil á fornleifaskráningargögnum. Landupplýsingagögn: Punktaskrár, línu- og flákagögn. Oddgeir Isaksen (2016). Minjastofnun Íslands, Reykjavík.

Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi (2019). Björk Ingimundardóttir

Skráningarstaðlar fornleifa (2013). Minjastofnun Íslands.
http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf

Sveitir og jarðir í Múlaþingi (1976). Ármann Halldórsson (ritstj.). Bindi 3. Beruneshreppur. Búnaðarsamband Austurlands

Menningarminjar í Djúpavogshreppi. Svæðisskráning. FS239-03191. Sædis Gunnarsdóttir (2004). Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands

Sögurit IV 1, Tyrkjaránið á Íslandi 1627, Sögufélagið Reykjavík (1901)

Húsakönnun í Djúpavogshreppi. Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur (2014). Reykjavík: TGJ

Þjóðskjalasafn Íslands. Manntöl, sótt janúar 2020: www.manntal.is

Óútgefnar heimildir

Deiliskipulagsuppskráttur 13.10.2018. TPZ teiknistofa.

Flatarmálsteikning Steinaborg. Bæjarskrifstofa Djúpavogshrepps

Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands. Jarðadeild XIV. Uppdrættir af túnnum 1919. Beruneshreppur og Geithellnahreppur. (Sjá fskj. 4)

Örnefnaskrá Steinaborgar. Skrásett af Nönnu Guðmundsdóttur (1976). Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Munnlegar heimildir

Bergur Hrannar Guðmundsson, núverandi ábúandi

Björn Björgvinsson, húsasmíðameistari

Pétur Elís Sigurðsson (d. 2019), heimildamaður Bergs Guðmundssonar

Ragnhildur Þorleifsdóttir, frá Fossgerði

Sigrún Kristmannsdóttir Landvall, núverandi eigandi

Stefán Kristmannsson, bróðir núverandi eiganda

Loftmyndir

Gervihnattamyndir frá 2002 og 2017 frá map.is

Loftmynd með dróna, Þórhallur Pálsson 2017

Fylgiskjöl

1. Deiliskipulagsuppráttur 13.10.2018. TPZ teiknistofa.
2. Hnitaskrá
3. Fjarlægðir í metrum milli minja
4. Ljósmyndalisti
5. Túnakort frá 1919


Fylgiskjöl

Fskj. 1. Deiliskipulagsuppráttur 13.10.2018 með breytingum

A: Skipulagsmörkum breytt og minni háttar textaleiðréttingar, og

B: Leiðrétt grunnmæling og hliðrun í samræmi við hana


Minjar 1982:1-17 liggja norðarlega á uppdrættinum. Minjar 1982:18-19 liggja sunnarlega og eru þær teiknaðar inn til viðmiðunar.



Fskj. 2. Hnitaskrá

minj_id	tegund	hlutverk	eastings	northings
1982-1	mannvistarleifar	híbýli	728880.3185	475017.2500
1982-2	niðurgr. m hleðslu	kjallari	728881.7749	475015.0998
1982-3	mannvistarleifar	skemma	728886.9602	475016.8957
1982-4	tóft	fjós	728878.9583	475023.3368
1982-5	tóft	hlaða	728870.8195	475015.4875
1982-6	garðlag	túngarður	728882.6705	475028.9640
1982-7	jarðræktarsvæði	matjurtagarður	728871.9190	475024.8148
1982-8	tóft	fjánhús og hlaða	728819.1740	475000.6828
1982-9	hóll	óþekkt	728851.8928	475002.5235
1982-10	tóft	óþekkt	728851.2024	474993.8747
1982-11	steinalögn	óþekkt	728872.2052	475053.5396
1982-12	þúst	óþekkt	728858.8598	475031.8456
1982-13	þúst	óþekkt	728834.4474	475024.4592
1982-14	þúst	óþekkt	728775.7605	475000.6304
1982-15	þúst	óþekkt	728780.0898	474989.8546
1982-16	þúst	óþekkt	728790.0587	474983.7308
1982-17	þúst	óþekkt	728792.2594	474959.6476
1982-18	garðlag	túngarður	728714.2897	474722.9571
1982-19	tóft	óþekkt	728749.3108	474722.3998

Fskj. 3. Fjarlægðir í metrum milli minja



Fjarlægð milli suðurhluta þústar 6 1982-17 og norðurhluta tóftar 1982-19 er 235 m.

Fskj. 4

Ljósmyndalisti

MGL: Margrét Gilvadottir Lundgren 24 myndir
BG: Bergur Guðmundsson 8 myndir
PJL: Páll Jakob Línadal 7 myndir
ÞV: Þór Vigfússon 7 myndir
AS: Andrés Skúlason 3 myndir
ÞP: Þórhallur Pálsson 1 mynd
BB: Björn Björgvinsson 1 mynd
SKL: Sigrún Kristmannsdóttir Landvall 1 mynd

Myndir í númeraröð:

1. Steinaborg 2015. AS 4750
2. Túnakort frá 1919 á gervihnattamynd frá 2002
3. Steinaborg um 1970. SKL lánaði
4. Steinaborg 2010. PJL 1380
5. Yfirlitsmynd 1982:1-17
6. Yfirlitsmynd 1982:1-7

1982-1 mannvistarleifar híbýli

7. MGL 1215
8. AS 4648
9. ÞV 041
10. ÞV 026
11. ÞV 046
12. PJL 1395
13. Steinaborg um 1940. BB lánaði

1982-2 niðurgröftur kjallari

14. MGL 1211
15. MGL 1210

1982-3 mannvistarleifar skemma

16. ÞV 082
17. V 084
18. G 160821
19. S 4647

1982-4 tóft fjós

20. MGL 1194
21. PJL 1385
22. PJL 1387
23. ÞV 087

24. ÞV 081

1982-5 tóft hlaða

25. JL 1392
26. GL 1200

1982-6 garðlag túngarður

27. JL 1389

1982-7 jarðræktarsvæði matjurtagarður

28. PJL 1391

1982-8 tóft fjárhús og hlaða

29. MGL 1154
30. MGL 1152
31. MGL 1142
32. MGL 1144

1982-9 hóll öskuhaugur

33. MGL 1156
34. MGL 1159
35. GL 1161

1982-10 tóft náðhús

36. MGL 1165
37. L 1163

1982-11 steinalögn

38. MGL 1189
39. MGL 1182

1982-12 þúst nr 1

40. MGL 1179
41. MGL 1177

1982-13 þúst nr 2

42. MGL 1176
43. MGL 1172

1982-14 þúst nr 3

44. MGL 1129

1982-15 þúst nr 4

45. MGL 1126

1982-16 þúst nr 5

46. GL 1125

1982-17 þúst nr 6

47. MGL 1123

1982-18 túngarður

- 48. BG 130226
- 49. BG 130253
- 50. BB 102335
- 51. BB 182331

1982-19 tóft

- 52. BB 130347
- 53. BB 102438
- 54. BB 102519

1982-18-19 túngarður og tóft

- 55. Yfirlitsmynd, minjar 1982:1-17 á gervihnattamynd frá 2002
- 56. Yfirlitsmynd, minjar 1982:18-19 á gervihnattamynd frá 2017

1982-1-17

- 57. Yfirlitsmynd, minjar 1982:1-17 á túnakorti frá 1919

Lofthmynd tekin með dróna

- 58. ÞP í ágúst 2017

Fskj. 5. Túnakort frá 1919 í mælikvarðanum 1:1000

